

# Menntaskólinn í Reykjavík

## Lögfræði - LÖGF2VL05 (Valáfangi)

### Námsáætlun skólaárið 2020-2021

#### Námslýsing:

Í áfanganum verður lögfræði sem fræðigrein kynnt þar sem fjallað verður um aðferðafræði og mikilvæg grundvallarhugtök lögfræðinnar. Umfjöllunarefni áfangans eru mannréttindareglur stjórnarskrárinnar, stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttur, refsiréttur, skaðabótaréttur, samningaréttur, kauparéttur, leiguréttur, barnaréttur, sífja- og erfðaréttur auk þess sem reglum íslensks réttarfars verða gerð góð skil. Markmið áfangans er að veita nemendum góða innsýn í aðferðafræði lögfræðinnar og er ætlað að hafa hagnýtt gildi til að veita nemandanum þá grundvallarfærni og þekkingu sem þörf er á til þess að geta lesið og túlkað lög. Áfanginn er símatsáfangi og mun námsmatið byggjast á verkefnavinnu nemenda og/eða áfangaprófum. Kennsluhættir verða í formi fyrirlestra, verkefnavinnu og úrlausna raunhæfra verkefna.\*

\*Meðan á samkomutakmörkunum stendur og staðarnám getur ekki farið fram mun kennsla fara fram utan stundatöflu í formi fyrirlestra sem birtir verða nemendum á Innu auk fyrirspurnartíma á Teams einu sinni í viku á þriðjudögum kl. 17:00 þar sem nemendum er frjálst að mæta að ræða um námsefnið við kennara. Kennsla er því utan stundatöflu í formi fjarkennslu og engin mætingarskylda er lögð á nemendur meðan á samkomutakmörkunum stendur.

#### Námsefni:

Lög samþykkt af Alþingi og annað námsefni frá kennara birt rafrænt á Innu.

#### Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi og mun námsmat til lokaeinkunnar byggjast á eftirtöldum þáttum:

- Raunhæf verkefni 40% (Tvö 20% raunhæf verkefni, eitt á hvorri önn).
- Einstaklingsverkefni og/eða kannanir 40% (Um fjögur 10% einstaklingsverkefni/kannanir út frá viðfangsefnum um tvö á hvorri önn).
- Ástundun 20%\*

#### Námsáætlun haustannar 2020\*\*

Á haustönn verður áhersla lögð á fræðilega nálgun lögfræðinnar þar sem fjallað verður um helstu hugtök og aðferðarfræði lögfræðinnar með áherslu á lögskýringar og túlkun réttarheimildir eftirfarandi réttarsviða:

#### 1. Lögskýringar og réttarheimildir

- Almenn atriði lögskýringa og réttarheimilda

#### 2. Mannréttindareglur stjórnarskrárinnar

- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
- lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu (Valdir kaflar)

#### 3. Stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttur

- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993 (Valdir kaflar)
- Lög um þingsköp Alþingis nr. 55/1991 (Valdir kaflar)

#### 4. Refsiréttur

- Almenn hegningarlög nr. 19/1940 (Valdir kaflar)

#### 5. Skaðabótaréttur

- Skaðabotalög nr. 50/1993
- Ólögfestar meginreglur skaðabótaréttar

## Námsáætlun vorannar 2021\*\*

Á vorönn verður áhersla lögð á hagnýta lögfræði þar sem áhersla er lögð á að þjálfa nemendur við gerð ýmissa löggerna, s.s. dómstefnur, erfðaskrár og fjölbreytta samninga kaupa- og leiguréttar sem og túlkun þeirra réttarreglna sem fjallað verður um. Eftirfarandi réttarsvið og valdir kaflar eftirfarandi laga samþykktum af Alþingi verða til umfjöllunar á vorönn:

### 1. Réttarfar

- a. Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991
- b. Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

### 2. Sifja- og erfðaréttur

- a. Hjúskaparlög nr. 31/1993
- b. Erfðalög nr. 8/1962
- c. Lögræðislag nr. 71/1997

### 3. Barnaréttur

- a. Barnalög nr. 76/2003
- b. Barnaverndarlög nr. 80/2002

### 4. Samningaréttur

- a. Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerna nr. 7/1936.

### 5. Kaupa- og leiguréttur

- a. Lög um lausafjárkaup nr. 50/2000
- b. Lög um þjónustukaup nr. 42/2000
- c. Lög um neytendakaup nr. 48/2003
- d. Lög um fasteignakaup nr. 40/2002
- e. Húsaleigulög nr. 36/1994.

\*\* Námsáætlun er birt með fyrirvara og geta tekið breytingum ef þörf þykir.

## Lokamarkmið áfanga:

### Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- þeim lögum og réttarreglum sem gilda á þeim réttarsviðum sem til umfjöllunar eru.
- helstu hugtökum lögfræðinnar á þeim réttarsviðum sem til umfjöllunar eru.
- helstu kenningum og sjónarmiðum við lögskýringar og túlkun laga.
- hlutverki og aðferðafræði dómstóla við að leysa úr lögfræðilegum álitaeftum.
- helstu atriðum málareksturs einkamála og sakamála fyrir íslenskum dómstólum.
- helstu tegundum samninga og þeim réttindum og skyldum sem í þeim felast.

### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita og afla sér upplýsinga í lagasafni Alþingis og reglugerðarsafni Stjórnarráðsins.
- greina lögfræðileg álitaefti á þeim réttarsviðum sem til umfjöllunar eru
- lesa lögfræðilegan texta og túlka merkingu hans.
- skrifa lögfræðilegan texta sem styðst við rökstuðning réttarreglna.
- heimfæra skaðabóta- og refsíabyrgð undir viðeigandi lagaákvæði.
- undirbúa lögbindandi samninga og aðra löggerna á hinum ýmsu réttarsviðum.

### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka og skýra fjölbreyttar réttarheimildir að því marki að slá réttarreglu á föstu.
- leysa úr fjölbreyttum lögfræðilegum álitaeftum og komast að lögfræðilegri niðurstöðu.
- geta ályktað um umfang réttinda sinna í samskiptum við stjórnvöld og aðra opinbera aðila.
- geta ályktað um grundvöll skaðabóta- og refsíabyrgðar og meta umfang þeirrar ábyrgðar með almennum hætti.
- taka virkan þátt í gagnrýnni umræðu um lög og lagasetningu í íslenskum rétti.
- túlka og meta samninga og aðra löggerna á hinum ýmsu réttarsviðum.